
Leiðbeiningarefni

GM001IS

Varðandi:

EU-OPS: Undanþágur til íslenskra flugrekenda

Málsnúmer / code:

Tilvísun í reglugerð:

Reglugerð EEC 3922/91 Annex III (EU-OPS) með síðari breytingum

Markhópur:

Íslenskir flugrekendur í flutningaflugi (A1/A2)

Útgáfa:

Gildistaka: 1. febrúar 2009
Útgáfa: útg. 2

Höf:

ICAA - PSP

Samþykkt dags.

19.01.2009 ICAA – PSP

1. Inngangur:

Reglugerð (EC) nr. 3922/91 Annex III (EU-OPS) tekur gildi 1. febrúar 2009. Frá þeim degi skulu allar flugvélar starfræktar í flutningaflugi uppfylla kröfur EU-OPS.

Tilgangur þessa leiðbeiningarefnis er að kynna þær breytingar sem eiga sér stað með innleiðingu EU-OPS á undanþágum sem veittar eru af hálfu Flugmálastjórnar Íslands til flugrekenda. Með innleiðingunni fellur úr gildi heimild til Flugmálastjórnar að veita flugrekendum undanþágur gegn ákveðnum skilyrðum, þ.e. grein OPS 1.010 í eldri reglugerð. Þess í stað verða undanþágur veittar af hálfu FMS byggðar á 8. gr. reglugerðar (EC) No 1899/2006 með síðari breytingum.

2. Tímabundin undanþága vegna ófyrirséðra aðstæðna o. fl.

Í stuttu máli þá felast þessi ákvæði í því að Flugmálastjórn Íslands er heimilt að veita undanþágur ef um er að ræða ófyrirséðar aðstæður eða sérstök tímabundin vandamál sem þarfnast úrlausnar, sbr. 2. mgr. 8. gr. Flugmálastjórn ber að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og fastanefnd EFTA séu undanþágur veittar í lengri tíma en til tveggja mánuða eða undanþágur ítrekað veittar aftur.

ESA og fastanefndin í samráði við framkvæmdarstjórn Evrópubandalagsins (EB) metur þær forsendur og skilyrði sem gefnar eru fyrir veitingu undanþága, þ.e. hvort þær séu að uppfylla öryggismarkmið reglugerðarinnar eða aðrar reglur framkvæmdarstjórnar Evrópubandalagsins.

Telji Eftirlitsstofnunin forsendur ekki ásættanlegar fara þau mál í ákveðin farveg hjá framkvæmdarstjórninni. Að því loknu getur stofnunin gert þá kröfu að Flugmálastjórn afturkalli slíkar undanþágur. Gert er ráð fyrir að þetta ferli taki allt að þrjú mánuði.

3. Undanþágur til lengri tíma.

Sé um að ræða beiðnir um tilslakanir eða frávik á kröfum til langs tíma ber Flugmálastjórn að tilkynna fyrirfram til ESA og fastanefndar EFTA um þá ætlun sína að veita slíka undanþágu/frávik. ESA og fastanefnd EFTA í samráði við framkvæmdastjórn EB taka þá beiðnina til athugunar og meta forsendur hennar á sama hátt og útlistað er hér undir lið I., þ.e. að ganga úr skugga um að tryggt sé að sambærilegu öryggi sé náð með öðrum hætti. ESA og fastanefnd EFTA ber að svara erindi Flugmálastjórnar innan þriggja mánaða. Séu slíkar beiðnir samþykktar hvort heldur hjá framkvæmdastjórn EB fyrir aðildarríki EB eða hjá EES EFTA ríkjunum verða þær birtar öllum ríkjum innan EES og geta þá allir flugrekendur fært sér í nyt slíkt samþykki. Í kjölfarið yrði hugað að því hvort nauðsynlegt sé að breyta ákvæðum reglugerðarinnar til samræmis.

Flugmálastjórn getur ekki samþykkt beiðnir um undanþágur/frávik til lengri tíma nema að ESA og fastanefnd EFTA hafi samþykkt slíkt fyrirfram.

Með innleiðingu EU-OPS er ljóst að þær undanþágur eða tilslakanir sem veittar hafa verið í lengri eða skemmri tíma á grundvelli JAR-OPS falla úr gildi og sækja þarf um endurnýjun eða tilslakanir á reglugerðum að nýju.